

Reykjavík, 14. maí 2018
R18050106

Borgarráð

Hafnarhúsið - viljayfirlýsing

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu er snýr að því að Reykjavíkurborg skuli hefja viðræður við Faxaflóahafnir sf. um kaup á eignahlut þeirra í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um að hefja viðræður um kaup á eignahlut Faxaflóahafna sf. í Hafnarhúsinu, drög.

VILJAYFIRLÝSING

- um kaup Reykjavíkurborgar á Hafnarhúsinu-

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Faxaflóahafnir sf., kt. 530269-7529, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík eru sammála um að ganga til viðræðna um kaup Reykjavíkurborgar á 61% eignarhluta Faxaflóahafna sf. í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, Reykjavík, með fastanúmerið 200-0240 og er það 5.799,2 fermetrar að stærð. Reykjavíkurborg á þegar 39% hússins. Með kaupunum verður því Hafnarhúsið að fullu í eigu Reykjavíkurborgar.

Markmið kaupanna eru að Hafnarhúsið verði til framtíðar miðstöð lista í Reykjavík. Í Hafnarhúsinu er nú þegar Listasafn Reykjavíkur og unnið er að stofnun listaverkasafns Nínu Tryggvadóttur sem Hafnarhúsinu er ætlað að hýsa. Þá á Reykjavíkurborg stórt safn listaverka eftir ERRÓ og fengi það listaverkasafn með kaupunum sýningarrými við hæfi í Hafnarhúsinu.

Sala Faxaflóahafna sf. á eignarhluta félagsins í Hafnarhúsinu til Reykjavíkurborgar er byggð á þeirri forsendu að félagið selji einnig fasteign í eigu þess að Fiskislóð 12, og byggi nýja aðstöðu á fyrirhugaðri landfyllingu við Klettagarða, sem hýst geti starfsemina í Reykjavík á einum stað. Þar verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir skipaþjónustu, bækistöð og skrifstofu félagsins auk aðstöðu fyrir lóðs- og dráttarbáta félagsins.

Hafnarhúsið var af stórhug og myndarskap reist á árunum 1932 - 1939 af Reykjavíkurborg sem vöruhús og starfsstöð Reykjavíkurborgar, síðar Faxaflóahafna sf. Húsið var byggt samkvæmt teikningum Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts og Þórarins Kristjánssonar, hafnarstjóra. Það var á sínum tíma stærsta húsið á Íslandi. Aðilar þessarar viljayfirlýsingar eru sammála um að framtíðarstarfsemi á sviði lista og menningar hæfi húsinu vel þegar starfsemi Faxaflóahafna sf. flyst annað.

Vilji er til þess að niðurstaða viðræðna Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna sf. liggja fyrir eigi síðar en í september 2018.

Reykjavík maí 2018

F.h. Reykjavíkurborgar
samkvæmt samþykkt borgarráðs
Reykjavíkur þann ____ maí 2018

F.h. Faxaflóahafna sf.
samkvæmt samþykkt stjórnar
Faxaflóahafna sf. þann __. júní 2018

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Gísli Gíslason, hafnarstjóri